

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Umsögn nr. 3, birt 06.02.2024 frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

1. Í umsögn NÍ er rætt um vistgerðir á svæðinu og verndargildi þeirra. Um þær er nokkuð ítarlega rætt í tilkynningunni, og litlu við það að bæta. Þá tiltekur NÍ að svæðið einkennist af mósaík þurr- og votlendis. Það er rétt að því leyti sem svæðið er votlendi, en votlendið er þó enganveginn umfangsmikið. Af umsögn NÍ má ráða að telja megi slíkt land bera meira fuglalíf en ef landgerðirnar væru einsleitari, og sjálfsgat má taka undir það. Það er rétt að hér á landi eru mikilvæg búsvæði fyrir nokkra stofna vaðfugla, en ak. ábyrgðartegundir meðal vaðfugla eru alls 10 (sandlóa, heiðlóa, rauðbrystingur, sanderla, sendlingur, lóupræll, jaðrakan, spói, stelkur og tildra). Aðeins sendlingur er á válista. Það er vafasamt að ætla að umrætt land fóstri nema fimm þessara tegunda (lóu, lóupræll, jaðrakan, spóa og stelk). Stofnar hinna tegundanna eru ýmist bundnari áreyrum eða melum á hálendi (sandlóa, sendlingur) eða eru farfuglar hér á landi, og búsvæði þeirra bundin við fjörur og vötn (rauðbrystingur, sanderla og tildra). Í tilkynningunni er vikið að þessu, og á það bent sérsaklega að sumum fuglategundum kunni að fækka á svæðinu við það að það verði tekið undir skógrækt. Stofnar þessara fugla eru ekki í hættu, og því ekki rétt að álykta sem svo að skógrækt á svæðinu ógni stofnum þeirra svo neinu nemi.

2. Í umsögn NÍ er bent á að samræma þurfi markmið um verndun líffjölbreytni og markmið í loftslagsmálum. Bent er á skýrslu IPCC um þessi mál, þar sem varað mun við loftslagsaðgerðum sem fela í sér stórfellda kolefnisbindingu með skógrækt þar sem mögulega geti líffjölbreytni borið skaða af, sérstaklega ef notaðar eru til þess ágengar tegundir.

Það er varla hægt að fallast á að skógrækt á svæðinu rýri líffræðilega fjölbreytni. Þó að vistgerðakort NÍ sýni mikla mósaík vistgerða, sést á loftmynd að þar eru aðallega einsleitir móar með melum þess á milli. Á þannig landgerðum hlýtur líffræðileg fjölbreytni að aukast við skógrækt. Skógur er ekki eingungis samansafn trjáa, heldur er hann mikilvægt og tegundaauðugt búsvæði fyrir ýmsar tegundir fugla, smádýra, plantna, fléttna, sveppa og örvera. Einnig er rétt að benda á að ólíkar trjátegundir skapa mismunandi búsvæði, og að sama skapi eru þau ólík eftir aldri trjáanna og skógarins. Eftir því sem vaxtarskilyrði á svæðinu er ólík, má að sama skapi búast við að uppvaxandi skógur verði ólíkur innbyrðis (m.ö.o. að þar verði ekki einungis mósaík landgerða, heldur mósaík skógargerða, með ólíkum tegundum og mismunandi vaxtarhraða). Slíkt landslag hlýtur að fóstta talsverða líffjölbreytni, og það er vafasamt að telja að líffjölbreytnin verði *minni* í þesskonar skógi, heldur fyrir er núna á svæðinu.

3. Í umsögn NÍ er vikið að stafafuru og því að hún geti verið ágeng og þannig ógn við líffjölbreytni. Það má benda á að vísað er í rannsóknir NÍ um þessi mál í Steinadal í Suðursveit, þar sem aðstæður er allt aðrar en í Grímsnesinu.

Gerð hefur verið önnur rannsókn um þessi mál, einnig í Steinadal (Eggertsson, Castiglia, Carrer; 2022).¹ Þar kemur fram að stafafuran hefur ekki dreifst sérstaklega um áraurana.² Auk þess má benda á að stafafura hefur ekki verið nefnd sérstaklega sem ágeng tegund í íslenskum lögum eða reglugerðum.³

Burtséð frá rannsóknum á útbreiðslu stafafuru í Steinadal í Suðursveit, má telja ólíklegt að stafafura verði mikil ógn við líffjölbreytni á fyrirhuguðu skógræktarsvæði. Það er þó eðlilegt að gefa hugsanlegri útbreiðslu hennar útfyrir skógræktarsvæðið gaum. Það þarf margt að koma til, svo að stafafura (eða einhver önnur trjátegund) sái sér út og dreifi sér. Fyrst þurfa að verða til fræ, og þau þurfa að falla á staði þar sem þau geta spírað og uppaf þeim vaxið tré. Eftir því sem gróðurhula er meiri, er ólíklegra að tré geti vaxið þar upp sjálfsáin. Það er þannig eðlilegt að tré beri fræ og dreifi sér með tímanum, en mörgum breytum háð hve hratt það gerist og í hve miklum mæli. Það er því ekki ógerlegt að koma í veg fyrir útbreiðslu stafafuru eða annara plantna þegar dreifingarhraðinn er ekki meiri en þessi.

¹ <https://ias.is/wp-content/uploads/2022/05/IAS-2022-3-O-Eggertsson-DA-Castiglia-M-Carrer-27-32-SC.pdf>

² Það má bera saman mynd 2 (Fig. 2) í grein Eggertssonar, Castiglia og Carrer (2022) og 4. mynd (bls. 14) í skýrslu Wasowicz o.fl. (NÍ, 2022). Þær sýna sama svæði, en framsetningin er ólík.

³ sjá t.d. umfjöllun um ágengar plöntutegundir á vef NÍ: <https://www.ni.is/is/grodur/agengar-plontur>


From: Ásmundur Skeggjason <as@hofdi.is>
Sent: miðvikudagur, 21. febrúar 2024 13:49
To: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - SLS <Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is>
Cc: hannesl@tm.is
Subject: RE: Svar við umsögnum Skógrækt í Álfadal, Álfheimum og Skógarbrekkum # 14/2024

Sæl Jóhanna takk kærlega fyrir.

Skráning fonrleifa á umræddu svæði liggur fyrir. Menningar og fornminjar eru utan þessa svæðis sem viðbót við skógrækt sem tilkynning þessi nær til. Búið er að ganga um allt svæðið og grunnkortleggja og er það hluti af ræktunarátætlunum. Landamerki eru öll hnitsett. Ekki er talin ástæða til að aðhafast frekar en Minjastofnun er alltaf velkominn.

Kveðja

Ásmundur og Hannes



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Svör við umsögnum vegna tilkynningar um framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar skógræktar sem kunna að vera matsskyldar skv. 19. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana mál nr. 14/2024.-

1) Umsögn nr. 1, birt 24.01.2024 frá Vegagerðin Suðursvæði.

Framkvæmdaraðilar gera enga athugasemd við þessa umsögn.

2) Umsögn nr. 2, birt 06.02.2024 frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.

Framkvæmdaraðilar gera enga athugasemd við þessa umsögn.

3) Umsögn nr. 3, birt 06.02.2024 frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Framkvæmdaraðilar vilja aftur benda á eftirfarandi :

Megnið af gróðursamfélögunum sem finna má á svæðinu hefur lágt eða miðlungs verndargildi skv. vistgerðakorti NÍ¹, og eru það helst hraungambravist (lágt verndargildi) og starmóavist (miðlungs). Í ræktunaráætlun um Álfadal L 236324 sem er 110 ha eru undanskildir um 20 hektarar af mýrum og verður ekkert hafst við þar og samanber lið 2 og 7 í IV. hluta tilkynningar # 14/2024.

4) Umsögn nr. 4, birt 12.02.2024 frá Landgræðslunni.

Framkvæmdaraðilar gera enga athugasemd við þessa umsögn.

5) Umsögn nr. 5, birt 15.02.2024 frá Minjastofnun Íslands.

Framkvæmdaraðilar benda á eftirfarandi:

Kolgrafarhóll er í landi Álfaskeiðs L 233749, 141,5 ha landspilda og fullgróðursett. Útgefið er framkvæmdarleyfi í Álfaskeiði. Á bls 3 í ræktunaráætlun fyrir Álfaskeið er

tekið fram að Kolgrafarhóll sé undanskilin öllum framkvæmdum. Kolgrafarhóll er því ekki hluti af tilkynningu þessari um viðbót við skógrækt sem þegar er hafin.

Meðfylgjandi er afrit af afléttingu á þinglýstri kvöð um frömmingar af Álfadal skjal 433-A-00000Q-350.

Í 2.mgr. á bls. 2 er fjallað um fornleifar í landi Skógarbrekkna (ÁR-415:017) Stekkatún. Umrætt svæði er ekki hluti af landi Skógarbrekkna og utan girðingar og á því ekki við í tilkynningu þessari. Rétt er að nefna að búið er að veita framkvæmdarleyfi fyrir gróðursetningu í Skógarbrekkum, L 233752 og fullgróðursett næst umdræddu svæði. Ekki var plantað nálægt girðingu sem liggur næst Stekknum og nemur sú fjarlægð mun meiri en 15 metrum fyrir friðhelgun.

Bent er á að fyrir liggur skýrsla um skráningu fornleifa í Grímsnes- og Grafningshreppi frá árinu 2018.

6) Umsögn nr.6, birt 16.02.2024 frá Grímsnes- og Grafningshreppi.

Framkvæmdaraðilar gera enga athugasemd við þessa umsögn.

Reykjavík, 20. febrúar 2024,

F.h. framkvæmdaraðlia

Hannes Lentz

Ásmundur Skeggjason

Fylgigögn:

Minjastofnun Íslands / Aflétting á þinglýstri kvöð.

Ræktunaráætlun fyrir Álfaskeið sem er ekki hluti af tilkynningu um viðbót

Loftmynd sem sýnir Stekk fyrir utan landamerki Skógarbrekkna.

Loftmynd sem sýnir Kolgrafarhól í landi Álfaskeiðs